



**SVEITARFÉLAGIÐ  
VOGAR**

**MÁLEFNASAMNINGUR  
2026 - 2030**

# MÁLEFNASAMNINGUR MEIRIHLUTANS 2026–2030

Bæjarfulltrúar D-lista Sjálfstæðisflokks og óháðra, E-lista Strandar og Voga og L-lista Lista fólksins hafa komist að samkomulagi um samstarf á kjörtímabilinu 2026–2030.

Samstarfið byggir á breiðum og sterkum grunni sem lagður var á liðnu kjörtímabili. Meirihlutinn mun horfa fram á veginn með áherslu á traustan rekstur, öfluga þjónustu, skýra forgangsröðun og áframhaldandi uppbyggingu sveitarfélagsins í góðu samtali við íbúa.

Lögð verður áhersla á gott samstarf kjörinna fulltrúa, nefndarmanna, starfsfólks sveitarfélagsins, íbúa, félagasamtaka og atvinnulífs. Jafnframt verður unnið að auknu gagnsæi, betri upplýsingagjöf og vönduðu vinnulagi í stórum málum sem varða framtíð sveitarfélagsins.



# EFNISYFIRLIT

01 Gagnsæi, upplýsingagjöf og samtal

02 Fjármál, rekstur og stjórnsýsla

03 Skóla-, leikskóla- og fjölskyldumál

04 Íþróttir, tómstundir, menning og lýðheilsa

05 Umhverfi, ásýnd og útivera

06 Þjónusta, atvinnumál og nýsköpun

07 Umferðaröryggi og samgöngur

08 Skipulag, íbúðauppbygging og innviðir

09 Áfallaþol byggðarinnar og grunninnviðir

10 Velferð, eldri borgarar og aðgengi

# 01 GAGNSÆI, UPPLÝSINGAGJÖF OG SAMTAL

Meirihlutinn leggur áherslu á reglulegt og markvisst samtal við íbúa, fyrirtæki og aðra hagaðila. Markmiðið er að íbúar geti fylgst betur með málum sveitarfélagsins, komið sjónarmiðum sínum á framfæri fyrr í ferlinu og átt auðveldara með að nálgast upplýsingar.

Á kjörtímabilinu verður meðal annars unnið að:

- betra aðgengi að gögnum, fundargerðum og upplýsingum um mál sem eru til umfjöllunar í bæjarstjórn, bæjarráði og nefndum sveitarfélagsins
- opnum íbúafundum um stærri mál, svo sem fjárhagsáætlun, framkvæmdaáætlun og uppbyggingu Keilisness
- föstum viðtalstímum bæjarstjóra og kjörinna fulltrúa
- markvissri nýtingu heimasíðu sveitarfélagsins og Vogaappsins til að bæta þjónustu, upplýsingagjöf og samskipti við íbúa
- framkvæmdayfirliti á vef sveitarfélagsins þar sem íbúar geta fylgst með framvindu stærri verkefna

Settur verður á fót vinnuhópur um gagnsæi, upplýsingagjöf og íbúasamráð. Hópurinn mun leggja fram tillögur um framkvæmd þeirra aðgerða sem að framan greinir og kanna hvort frekari úrbætur séu mögulegar.

# 02 FJÁRMÁL, REKSTUR OG STJÓRNSÝSLA

Meirihlutinn leggur áherslu á traustan og hallalausan rekstur, ábyrga fjármálastjórn, hóflegar álögur og skýra forgangsröðun verkefna. Markmiðið er að sveitarfélagið geti staðið undir góðri þjónustu og nauðsynlegri uppbyggingu til framtíðar.

Ný verkefni verða metin með hliðsjón af kostnaði, mannafla, áhrifum á þjónustu og fjárhagslegu svigrúmi sveitarfélagsins.

Á kjörtímabilinu verður meðal annars unnið að:

- bættri þjónustu við íbúa og fyrirtæki, meðal annars með skýrum þjónustuviðmiðum, hraðari og faglegri afgreiðslu erinda, aukinni rafrænni þjónustu, innleiðingu Vogaappsins, nýrri heimasíðu og skýrari upplýsingagjöf
- rýni gjaldskráa með áherslu á gagnsæi, jafnræði, skýrar forsendur og sanngjarnt fyrirkomulag gjalda
- skýrri viðhaldsáætlun fyrir mannvirki og innviði sveitarfélagsins
- hagkvæmni, gagnsæi og jafnræði í útboðum, innkaupum og samningagerð sveitarfélagsins
- faglegri uppbyggingu stjórnsýslu og stoðþjónustu, meðal annars með mati á innri uppbyggingu, samstarfi og útvistun verkefna þar sem það á við, með hagsmunum íbúa og góða nýtingu fjármuna að leiðarljósi

# 03. SKÓLA-, LEIKSKÓLA- OG FJÖLSKYLDUMÁL

Meirihlutinn leggur áherslu á öflugt skóla- og leikskólastarf og góða þjónustu við barnafjölskyldur í takt við fjölgun íbúa. Markmiðið er að börn og fjölskyldur fái góða þjónustu í heimabyggð og að börn og ungmenni hafi fjölbreytt tækifæri til náms, leiks og samveru.

## Vogamódelið

Meirihlutinn mun útfæra nánar og innleiða Vogamódelið sem heildstæða nálgun í leikskólamálum. Markmiðið er að bæta þjónustu við barnafjölskyldur, efla gæði leikskólastarfs, auka sveigjanleika foreldra og vinna að sjálfbærri uppbyggingu leikskólaþjónustu.

Í útfærslunni verður meðal annars stefnt að gjaldfrjálsum 30 klst. í leikskóla en þó lagðar fram ólíkar sviðsmyndir um tímamörk, m.a. með hliðsjón af mönnun, húsnæði, fjárhagslegu svigrúmi og gæðum þjónustunnar. Vinnan verði unnin í samstarfi við leikskólastjórnendur, starfsfólk og foreldra.

Á kjörtímabilinu verður meðal annars unnið að:

- fjölgun leikskólaplássanna og bættri aðstöðu barna og starfsfólks í leikskólamálum
- undirbúningi nýs leikskóla, þar sem meðal annars verður horft til ungbarnadeildar
- stuðningi við barnafjölskyldur, meðal annars með heimgreiðslum og stuðningi vegna dagforeldra
- áframhaldandi uppbyggingu Stóru-Vogaskóla, bættum aðstæðum nemenda og starfsfólks, uppbyggingu skólalóðar og reglulegri endurnýjun skólabúnaðar
- eflingu faglegs skólastarfs, ÍSAT-kennslu og skólaþjónustu, meðal annars í tengslum við fræðslustefnu sveitarfélagsins og aukna samfellu milli leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs
- bættri líðan barna, snemmtækum stuðningi, félagslífi og virkni barna og ungmenna
- að stuðla að minni skjátíma og meiri samveru barna og ungmenna með áherslu á virkni, félagslíf og gott samstarf heimila, skóla og frístundastarfs
- áframhaldandi vinnu með hugmyndir um útikennslustofu og betri nýtingu nærumhverfis til fræðslu, útiveru og tengingar barna við náttúru og sögu sveitarfélagsins

# 04 ÍPRÓTTIR, TÓMSTUNDIR, MENNING OG LÝÐHEILSA

Meirihlutinn leggur áherslu á að íbúar á öllum aldri njóti fjölbreyttra tækifæra til hreyfingar, tómstunda og samveru. Markmiðið er að efla lýðheilsu, styrkja félagsstarf og skapa fleiri tækifæri fyrir börn, ungmenni, fjölskyldur og eldri borgara.

Meirihlutinn mun efla samstarf við ípróttta-, tómstunda-, menningar- og félagasamtök og setja skýrari ramma um samstarfssamninga, styrki og stuðning með áherslu á gagnsæi, jafnræði, samfélagslegt gildi og ábyrgð. Jafnframt verður lokið við gerð ípróttta- og tómstundastefnu sveitarfélagsins.

Á kjörtímabilinu verður meðal annars unnið að:

- auknu samstarfi skóla, frístundastarfs og ípróttafélaga og bættu aðgengi barna og ungmenna að ípróttum og tómstundum
- frístundarútu sem tilraunaverkefni til eins árs og samgöngustyrk fyrir þau sem ekki geta nýtt hana
- eflingu félags-, tómstunda- og viðburðastarfs ungmenna og að rödd þeirra heyrir í málum sem varða þau
- aukinni nýtingu frístundastyrks eldri borgara og fleiri tækifærum þeirra til hreyfingar, tómstunda, félagsstarfs og samveru
- betri aðstöðu fyrir líkamsrækt og heilsueflingu
- eflingu menningar- og viðburðalífs með auknu viðburðahaldi, stuðningi við frumkvæði íbúa og félaga og betri aðstöðu fyrir menningu og samveru, meðal annars í tengslum við stækkun Stóru-Vogaskóla
- stofnun Voganeistans, framtakssjóðs til að styðja við frumkvæði íbúa, félaga og ungmenna

# 05 UMHVERFI, ÁSÝND OG ÚTVERA

Meirihlutinn leggur áherslu á fallett, snyrtilegt og aðgengilegt nærumhverfi sem styður við útiveru, lýðheilsu og lífsgæði íbúa.

Unnið verður að aðgerðaráætlun um fegrun bæjarins með aðkomu íbúa þar sem verkefnum verður forgangsraðað.

Á kjörtímabilinu verður meðal annars unnið að:

- bættri umhirðu og betri frágangi
- fleiri grænum svæðum og aukinni skógrækt, þar sem við á
- bættu aðgengi að fjöru og strandlengju sveitarfélagsins og betri nýtingu tækifæra svæðisins til útivistar, samveru og tengingar við náttúru
- bættum leiksvæðum, þar sem við endurnýjun þeirra verði hugað að aðgengi og fjölbreyttum þörfum barna, meðal annars barna með fötlun
- betra aðgengi að hundagerði sveitarfélagsins
- fjölgun áningarstaða og bættu aðgengi að völdum stöðum
- því að styrkja sveitarfélagið sem áhugaverðan áfangastað
- betri merkingum söguminja og sýnilegri sögu sveitarfélagsins í nærumhverfinu, á gönguleiðum og á vef sveitarfélagsins
- endurvakningu verkefnis um fegrun aðkomu bæjarins
- bættu eftirliti með umgengni á opnum svæðum, lóðum og framkvæmdasvæðum

# 06 ÞJÓNUSTA, ATVINNUMÁL OG NÝSKÖPUN

Meirihlutinn leggur áherslu á að auka tækifæri í sveitarfélaginu með því að efla þjónustu, skapa betri skilyrði fyrir atvinnuuppbyggingu og styðja við nýsköpun. Markmiðið er að fleiri geti sótt þjónustu, stuðning, nám, heilsueflingu og atvinnutækifæri innan sveitarfélagsins, samhliða því að rekstrarumhverfi fyrirtækja verði styrkt.

Áhersla verður meðal annars lögð á:

- betri þjónustu og upplýsingagjöf til íbúa í atvinnuleit
- aukna þjónustu, upplýsingagjöf og stuðning við íbúa af erlendum uppruna
- stuðning við heilbrigðisþjónustu í heimabyggð
- uppbyggingu atvinnuhúsnæðis á miðbæjarreitnum
- möguleika á fjarvinnusetri og fjölbreyttari störfum í heimabyggð
- atvinnulóðir og betri skilyrði fyrir atvinnuuppbyggingu
- samkeppnishæf fasteignagjöld fyrirtækja eftir því sem fjárhagslegt svigrúm leyfir
- sveitarfélagið sem góðan samstarfsaðila fyrirtækja og frumkvöðla
- að sækja aukna styrki og stuðning inn í sveitarfélagið til verkefna, nýsköpunar og samfélagsuppbyggingar
- atvinnu- og nýsköpunarnefnd sem vettvang fyrir samtal, stefnumótun og eftirfylgni verkefna

Hafnarsvæðið og Keilisnes

Unnið verður að heildarskipulagi hafnarsvæðisins með hliðsjón af strandlengju, aðgengi að fjöru, útivist, þjónustu, mögulegri atvinnuuppbyggingu, framtíðarnýtingu hafnarinnar og viðhaldi hafnarmannvirkja.

Haldið verður áfram undirbúningi uppbyggingar á Keilisnesi með sviðsmyndagreiningu þar sem metnir verða ólíkir nýtingarkostir, áhrif á innviði, atvinnuuppbyggingu, umhverfi og samfélag. Jafnframt verða skoðaðir möguleikar á atvinnuuppbyggingu á fleiri svæðum innan sveitarfélagsins.

# 07 UMFERÐARÖRYGGI OG SAMGÖNGUR

Meirihlutinn setur umferðaröryggi í forgang, sérstaklega öruggar leiðir barna og ungmenna í skóla, leikskóla, íþróttir og frístundir.

Unnin verður umferðaröryggisáætlun ásamt framkvæmdaáætlun þar sem helstu verkefnum verður forgangsraðað. Við gerð áætlunarinnar verði íbúum og hagaðilum gefinn kostur á að koma ábendingum á framfæri.

Áhersla verður meðal annars lögð á:

- kortlagningu göngu- og hjólaleiða
- úrbætur á helstu skóla- og gönguleiðum
- betri tengingar milli hverfa, skóla, leikskóla, íþróttasvæða og þjónustu
- áframhaldandi uppbyggingu göngu-, hjóla- og reiðstíga
- stíg yfir Stapann og undirbúning áframhaldandi lagningar göngu- og hjólastígs á Vatnsleysuströnd
- markvisst samtal við Vegagerðina um verkefni á ábyrgð ríkisins
- bættar almenningssamgöngur til og frá Vogum

# 08 SKIPULAG, ÍBÚÐAUPPBYGGING OG INNVIÐIR

Meirihlutinn leggur áherslu á sjálfbæra íbúðauppbyggingu í takt við innviði og þjónustu sveitarfélagsins. Staða innviða verður metin reglulega þannig að fjölgun íbúa haldist í hendur við þjónustu, skóla, leikskóla, samgöngur, veitur og aðra grunninnviði.

Á kjörtímabilinu verður meðal annars unnið að:

- því að skapa forsendur fyrir úthlutun sérbylislóða, þar sem ákvörðun um næstu skref tekur mið af stöðu innviða, kostnaðargreiningu vegna byggingarsvæðis ÍB5 og fjárhagslegu svigrúmi sveitarfélagsins
- fjölbreyttari húsnæðiskostum fyrir eldri borgara, þar á meðal uppbyggingu íbúða fyrir 60+
- þarfagreiningu vegna búsetuúrræða fyrir fatlað fólk
- vönduðum skipulagsskilmálum með áherslu á gæði byggðar, hóflegan þéttleika, næg bílastæði og vandaðan frágang
- opnu samtali um framtíðarskipulag Breiðagerðis

# 09 ÁFALLAÞOL BYGGÐARINNAR OG GRUNNINNVIÐIR

Meirihlutinn leggur áherslu á að styrkja áfallaþol sveitarfélagsins og tryggja örugga grunninnviði til framtíðar.

Á kjörtímabilinu verður meðal annars unnið að:

- áætlun um forvirkt viðhald fasteigna, gatna, stíga, opinna svæða og annarra mikilvægra innviða
- skýrari yfirsýn yfir viðhaldspörf, forgangsröðun viðhalds og betri nýtingu fjármuna til lengri tíma
- uppbyggingu Vatnsleysustrandarvegjar sem varaleiðar af Reykjanesinu í samstarfi við ríki og önnur sveitarfélög á svæðinu
- því að leita leiða til að koma heitu og köldu vatni á Vatnsleysuströnd í samstarfi við viðeigandi hagaðila
- uppbyggingu varavatnsbóls og styrkingu vatnsöryggis í sveitarfélaginu

# 10 VELFERÐ, ELÐRI BORGARAR OG AÐGENGI

Í velferðarmálum verður lögð áhersla á þjónustu, félagsstarf og upplýsingagjöf sem styður við virkni, sjálfstæði, þátttöku og lífsgæði íbúa. Sérstaklega verður horft til þjónustu við eldri borgara, fatlað fólk og íbúa sem þurfa stuðning til að taka virkan þátt í samfélaginu.

Meirihlutinn mun vinna að því að bæta aðgengi eldri borgara og fatlaðs fólks að þjónustu, þar á meðal akstursþjónustu og öðrum úrræðum sem styðja við sjálfstæði og þátttöku. Þá verður lögð áhersla á virka eftirfylgni með samstarfssamningi við Suðurnesjabæ um velferðarþjónustu.

Á kjörtímabilinu verður meðal annars unnið að:

- notendaráði um málefni fatlaðs fólks til að styrkja samráð, notendasýn og þjónustu
- eflingu farsældar barna
- aukinni atvinnuþátttöku fólks með skerta starfsgetu
- bættri upplýsingagjöf um þjónustu og úrræði

## AÐ LOKUM

D-, E- og L-listi ganga til samstarfsins með það að leiðarljósi að vinna saman af ábyrgð, krafti og góðu samtali fyrir íbúa Sveitarfélagsins Voga.



**SVEITARFÉLAGIÐ  
VOGAR**